

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 441. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
2. janúar 2013 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Málfríður Kristjánsdóttir og Berglind Guðmundsdóttir.

Fundargerð ritaði: Berglind Guðmundsdóttir. Yfirfarin og samþykkt : Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

B-HLUTI - SKIPULAGSERINDI

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. Samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagsferindum, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9. ágúst 2005.

1 SB060858 - Vellir 7. áfangi, deiliskipulagsvinna.

Lögð fram tillaga skipulags- og byggingarsviðs að breytingum á deiliskipulagi hverfisins dags. 26.10. 2012. Tillagan var auglýst 01.11.12 skv. 43. gr. laga nr. 123/2010. Athugasemdafresti lauk 19.12.12. Athugasemdir bárust. Kynningarfundur var haldinn 19.11.12.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til Skipulags- og byggingarráðs.

2 1212236 - Dalshraun 5 fyrirspurn um búsetu

Björn Möller gerir fyrirspurn um hvort hægt sé að samþykkja að skrá eignarhluta 04-0202 sem íbúð ef teikningar verði sendar inn. Einngi hvort hægt sé að skrá fleiri eignir í húsinu sem íbúðir í húsinu Dalshraun 5 sem íbúðir á sömu forsendum. Breytingar hafa verið gerðar án tilskilins byggingarleyfis.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til Skipulags- og byggingarráðs.

3 1212231 - Selhella 13, umgengni á lóð.

Borist hefur kvörtun frá Landsvirkjun vegna umgengni á lóðinni, netadræsur, bobbingar og gámar sem hindra umgengni á lóðinni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir lóðarhöfum skylt að bæta umgengni á lóðinni innan 4 vikna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

Bjarki Jóhannesson (sign)

**Málfríður Kristjánsdóttir (sign)
Berglind Guðmundsdóttir (sign)**

